

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 116/2022**2022/EES/61/28****frá 29. apríl 2022****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1318 frá 9. ágúst 2021 um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði, ákvörðun 2008/968/EB um leyfi til að setja olíu úr sveppnum *Mortierella alpina* sem er auðug af arakídónsýru á markað sem nýtt innihaldsefni í matvælum og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/484 um leyfi til að setja á markað laktó-N-tetraósa sem nýfæði ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1319 frá 9. ágúst 2021 um leyfi fyrir breytingum á nákvæmum skilgreiningum á nýfæðinu kóríanderolíu úr fræi *Coriandrum sativum* og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1326 frá 10. ágúst 2021 um leyfi til að setja á markað olíu úr *Schizochytrium* sp. (FCC-3204) sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 5) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 124b (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/2470):
 - „– **32021 R 1318:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1318 frá 9. ágúst 2021 (Stjtið. ESB L 286, 10.8. 2021, bls. 5),
 - **32021 R 1319:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1319 frá 9. ágúst 2021 (Stjtið. ESB L 286, 10.8. 2021, bls. 12),
 - **32021 R 1326:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1326 frá 10. ágúst 2021 (Stjtið. ESB L 288, 11.8.2021, bls. 24).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 286, 10.8.2021, bls. 5.⁽²⁾ Stjtið. ESB L 286, 10.8.2021, bls. 12.⁽³⁾ Stjtið. ESB L 288, 11.8.2021, bls. 24.

2. Eftirfarandi er bætt við 177. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/484):

„, breytt með:

– **32021 R 1318:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1318 frá 9. ágúst 2021 (Stjtið. ESB L 286, 10.8. 2021, bls. 5).“

3. Eftirfarandi liðir bætast við á eftir 199. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/912):

„200. **32021 R 1319:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1319 frá 9. ágúst 2021 um leyfi fyrir breytingum á nákvæmum skilgreiningum á nýfæðinu kóríanderolíu úr fræi *Coriandrum sativum* og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 286, 10.8.2021, bls. 12).

201. **32021 R 1326:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1326 frá 10. ágúst 2021 um leyfi til að setja á markað olíu úr *Schizochytrium* sp. (FCC-3204) sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 288, 11.8.2021, bls. 24).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2021/1318, (ESB) 2021/1319 og (ESB) 2021/1326, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.